



BJÖRT FRAMTÍÐ

B.t. Bæjarráðs

Garðabær, 21. ágúst 2015

Efni: Tillaga um að Garðabær taki á móti flóttamönnum.

Greinagerð:

Tíðar ferðir fólks yfir Miðjarðarhafið í leit að betra lífi í Evrópu hafa leitt af sér mikinn flóttamanna- og innflytjendavanda. Að sögn Angelu Merkel, kanslara Þýskalands, þá þurfa allar þjóðir Evrópu að leysa þetta stóra mannúðarmál sameiginlega, eða í það minnsta að reyna að hjálpa þeim mörg hundruð þúsund flóttamanna sem leita til Evrópu úr skelfilegum aðstæðum í stríðshrjáðum löndum, þessa dagana.

Akureyrarbær hefur tekið frumkvæðið á Íslandi með því að bjóðast til að taka á móti hluta af þeim 50 flóttamönnum sem stjórnvöld hafa samþykkt að taka á móti.

Tillaga:

Björt framtíð leggur til að Garðabær taki á móti erlendum flóttamönnum og bjóða þeim skjól og stuðning í bænum. Neyðin er mikil og nauðsynlegt að sýna samstöðu í verki með öðrum sveitarfélögum landsins. Frábært tækifæri liggur í því að fá þessa einstaklinga til bæjarins og auka þannig menningarflóru og mannauð Garðabæjar.

Virðingarfyllst,

Guðrún Elín Herbertsdóttir

Oddviti Bjartrar framtíðar í Garðabæ